

Nd. 874. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. 1. nr. 66/1963, sbr. 3. gr. 1. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams- tjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips. Utgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggis- ráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjóunar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.